

Fundargerð hreppsnefndar 08. desember 2016

Fundur

Fundur nr. 52 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 08. desember 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Bárður Jónasson, Sigríður Bragadóttir og Sigurjón H. Hauksson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps:

1. Viðauki við fjárhagsáætlun 2016

Lagður fram viðauki vegna framkvæmda ársins 2016 sem sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir. Snúa framkvæmdirnar einkum að höfn og framkvæmdum í Sundabúð. Auk þess sem breytingar verða gerðar á bókhaldi svf. þar sem leiguíbúðir Sundabúðar eru aðskildar frá félagslegum íbúðum svf.

Viðaukinn borinn upp til samþykktar og hann samhljóða samþykktur.

2. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árin 2017-2020, A- og B-hluta, lögð fram til síðari umræðu.

Fyrri umræða fór fram á fundi sveitarstjórnar þann 17. nóvember sl. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu forsendum áætlunarinnar 2017-2020 og þeim markmiðssetningum sem fram eru settar í henni. Helstu liðir áætlunarinnar eru eftirfarandi:

Heildartekjur sveitarfélagsins, A- og B-hluta, á árinu 2017 eru áætlaðar 995.3 milljónir króna.

Tekjur A-hluta eru áætlaðar 648.7 milljónir króna. Skiptast tekjur á eftirfarandi hátt: Skatttekjur 370.1 m.kr., framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 179.8 m.kr. og aðrar tekjur 98.7 m.kr.

Tekjur B-hluta eru áætlaðar 361.0 milljónir króna.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar í heild á árinu 2017 er jákvæð um 103.258 milljónir króna.

Í áætluninni er gert ráð fyrir framkvæmdum að upphæð 63.0 m.kr. Handbært fé sveitarfélagsins hækkar milli ára um 54.9 m.kr. og verður í lok árs 2017 um 126.3 m.kr.

Fjárhagsáætlun 2017 síðan borin upp til samþykktar ásamt bókun, samhljóða samþykkt.

2. Fundargerðir:

1. Menningarmálanefndar dags. 15. nóvember 2016

Tekið til umræðu 5. mál í fundargerðinni og því fagnað sérstaklega þeim áhuga sem hlutaðeigendur sýna vopnfirsku samfélagi. Vill sveitarstjórn koma á framfæri þökk fyrir þann hlýhug sem gestum okkar er sýndur með margvíslegum hætti.

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

2. Fagráðs Sundabúðar dags. 15. nóvember 2016

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir málefnum Sundabúðar með hliðsjón af m.a. rammasamningi Sjúkratrygginga og hjúkrunarheimilisins. Að öðru leyti til kynningar.

3. Atvinnu- og ferðamálanefndar dags. 29. nóvember 2016

1. mál í fundargerð tekið til umræðu, byggðakvóti 2016-2017. Gerði oddviti nánari grein fyrir frá málinu og fór síðan fram umræða um skiptingu kvótans. Tillaga nefndarinnar borin upp til samþykktar og hún samþykkt með 5 atkvæðum Sigríðar Elvu, Sigríðar B., Unnar Óskar, Stefáns Gríms og Eyjólf, á mótum Bárður og Sigurjón. Fundargerðin að öðru leyti samhljóða samþykkt og ennfremur samhljóða samþykkt að boða fulltrúa atvinnumálanefndar til fundar við sveitarstjórn.

4. Aðalfundar HAUST dags. 2. nóvember 2016

Lagt fram til kynningar.

5. 844. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

6. 389. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

7. 149. fundar Félagsmálanefndar

Lagt fram til kynningar.

8. 30. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

1. Kvennaathvarfinu

Sveitarstjórn telur það starf sem unnið er í Kvennaathvarfinu afar mikilvægt en hafnar styrkbeiðni að þessu sinni. Samþykkt með 6 atkvæðum, Sigríður Bragadóttir sat hjá.

2. Styrkbeiðni vegna reksturs Afslins

Sveitarstjórn telur það starf sem unnið er í Aflinu afar mikilvægt en hafnar styrkbeiðni að þessu sinni. Samhljóða samþykkt.

3. N4

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með vinnubrögð N4 og þá þjónustu sem stöðin veitir fjórðungnum og samþykkir samhljóða að viðhalda núverandi styrk.

4. Almenn mál:

1. Málefni Atvinnuefningarsjóðs

Sveitarstjóri yfirfór málefni sjóðsins og lagði til að fjármunir úr honum yrðu nýttir til að greiða fyrir kostnað við íbúabing og Finnaþjarðarverkefnið. Samhljóða samþykkt.

2. Tryggingamál

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi samningsdrögum sem felur í sér ákveðinn afslátt frá núverandi samningi og lagði til að samningurinn við VÍS verði framlengdur til fjögurra ára auk þess verði bætt inn í samninginn almennri slysatryggingu fyrir sveitarstjóra auk sjúkratryggingar. Samhljóða samþykkt.

3. Drög að verklagsreglum um veitingu styrkja til menningarmála og umsóknareyðublöð

Málið tekið til umræðu og telja nefndarmenn verklagsreglurnar verða til að styrkja menningarstarf í sveitarfélaginu. Verklagsreglurnar samhljóða samþykktar.

4. Skipulagsmál Vopnafjarðarhrepps

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði til að leitað verði eftir nýjum aðila til að annast skipulagsmál sveitarfélagsins. Samhljóða samþykkt.

5. Ný lög um húsnæðismál og drög að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.

Sveitarstjóri fór yfir ný lög um húsnæðismál og drög að reglum um húsnæðisstuðning.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:45.

[Fylgigögn fundar 081216.pdf](#)